

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Vatnsveitu Hveragerðis nr. 118/2011.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

3. gr.

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast Vatnsveitu Hveragerðis, sbr. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,09% af fasteignamati fasteigna í A-flokki.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,17% af fasteignamati fasteigna í B- og C-flokki.

2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

4. gr.

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisparfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mælda í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði frá og með 1. janúar 2017 er kr. 12 pr. rúmmetra vatns.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu auk þess greiða leigu sem innheimt er árlega vegna notkunarmæla. Mælaleiga fyrir árið 2017 er:

Mælaleiga fyrir mæli minni en 50 mm kr. 7.000.

Mælaleiga fyrir mæli stærri en 50 mm kr. 27.700.

3. gr.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 8. desember 2016.

Hveragerði, 8. desember 2016.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2017